

**Samkaup** strax

**Opnunartími til 1. júní**

Mánudaga-föstudaga 09:00-19:00  
Laugardaga 10:00-19:00  
Sunnudaga 10:00-17:00

**Hvítasunnudag lokað**

Annan í hvítasunnu er opið 10:00-17:00

**Frá 1. júní.**

Mánudaga til föstudaga: **09:00-22:00**  
Laugardaga: **10:00-22:00**  
Sunnudaga: **10:00-20:00**

Verið velkomin  
Starfsfólk Samkaup Strax



**Hraðbankinn**  
er opinn allan sólarhringinn.

**Afgreiðslutími á Flúðum:**  
mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00  
Breittur viðtalstími bankastjóra á  
miðvikudögum 13:30-15:45

**Athugið!!!!**  
**Breytt símanúmer. 480-4700.**



182. tbl. 15. árgangur

**Maí.2005**

Ritstjóri: Ísólfur Gylfi Pálmason

**www.hrunamannahreppur.is**

Útgefandi: Hrunamannahreppur

Netfang: pesi@fludir.is

Sími: 480 6600

**Rusladagur – hreinsun**

Tökum til gerum fallegan hrepp enn feegurri!

Þann 20. maí n.k. verður hinn árlegi rusladagur í Hrunamannahreppi. Mæting er kl 16.00 við félagsheimilið. Þarna verður vinnan skipulögð og pokum dreift. Ruslamálaráðherra, Ragnheiður Karlsdóttir hvetur til þess að einn fullorðinn komi frá hverju heimili og börnin hafa fyrir löngu sannað hve dugleg þau eru og þau verða enn virkari ef við fáum fleiri fullorðna með. Fyrirtæki, félagsamtök og einstaklingar eru hvattir til þess að vera búin að taka til fyrir rusladaginn. Víða er mikil þörf að taka til hendinni. Kveikt verður í brennu um kl 19.00.

Hittumst hress og kát.

Ruslamálaráðherra og Sveitarstjóri Hrunamannahrepps

**Efnisyfirlit**

Menning  
Forystugrein sveitarstjóra.

Fréttir úr Hrunamannahreppi

Tilkynningar

Auglýsingar

**Næsti Pési kemur út:**

10.júní

**Skilafrestur á efni:**

7. júní

**Frá Sundlauginni á Flúðum.**

**Opnunartími frá 15. júní**

**Mánudaga til föstudaga**

**12:00-22:00**

**Laugardaga og sunnudaga**

**10:00-18:00.**

Um hvítasunnuna er opið

Frá kl. 13:00-18:00

laugardag til mánudag

## Menningin skiptir máli

Þegar fólk veltir fyrir sér búsetu úti á landsbyggðinni eru ákveðnir grundvallarþættir sem fólk veltir fyrir sér. Þar velta menn m.a. fyrir sér atvinnumöguleikum íbúða- og lóðaverði, upphitunar- og rafmagnskostnaði. Í framhaldi af þessum vangaveltum koma þættir eins og leikskóli, skóli, tónlistarskóli, íþróttastaða. Þá veltir fólk fyrir sér hverskonar þjónustu, læknisþjónustu, félagsþjónustu, þjónustu fyrir aldraðra, verslun o.m.fl. Þá má einnig nefna félagsstarf og menningarstarfsemi. Flestir þessara þátta eru í ótrúlega góðu lagi hjá okkur miðað við stærð sveitarfélagsins og mannfjölda. Sveitarfélag eins og okkar er mjög dýrt í rekstri m.a. vegna þess hve byggðin er dreifð og hve dýr ýmis þjónusta verður hjá okkur. Þó að íbúum og sumarbústaðaeigendum hér finnist nóg um að greiða fyrir þá þjónustu sem sveitarfélagið veitir dugar sú skattheimta á engan hátt til að standa undir þeim kostnaði sem á bak við þjónustuna er.

Það sem kemur mörgum á óvart sem flytja hingað eða fylgjast með mál-efnum sveitarinnar í fjarlægð, er söngmenningin hér í Hrunamannahreppi og reyndar í uppsveitum Árnassýslu. Sumir telja þessa menningu ævagamla, sprotna frá biskupssetrinu í Skálholti.

Í síðasta mánuði kom Sinfóníuhljómsveit Íslands í heimsókn til okkar og til marks um hve mikið var lagt upp úr heimsókninni var aðalhljómsveitarstjóri hljómsveitarinnar með í för, Ruman Gamba. Einstaklega vel tókst til. Fyrst var efnt til skólatónleika þar sem kórar komu fram frá Flúðaskóla, Þjórskóla, Vallaskóla, Reykholtsskóla og unglingskór Selfosskirkju.

Á seinni tónleikunum komu fram með hljómsveitinni Karla-kór Hreppamanna og sameiginlegir kirkjukórar á svæðinu. Þau hjónin Edít Molnar og Miklos Dalmay báru hita og þunga af undirbúningi þessa stórvíðburðar. Allir þátttakendur hvort heldur um var að ræða heimamenn eða hljómsveitarmedlimir skemmtu sér hið besta. Margir lögðu lóð á vogarskálarnar til þess að þetta mætti takast sem allra best og eru þeim fluttar heilar þakkir fyrir. Skreytingar Eyðisar Helgadóttur á Íróttahúsinu vöktu verðskuldaða athygli þar sem hún hengdi einnig upp fallegar myndir eftir móður sína Önnu Magnúsdóttur. Útsetning hljómsveitarinnar á verki Sigurðar Ágústssona, Suðurnesjamenn þótti sérstaklega góð. Óhætt er að segja að í hita leiksins skipti menningin ekki síður miklu máli en margir af hinum veraldlegu undirstöðuþáttum lífsins. Listin lyftir sálinni í hærri hæðir.

Ísólfrur Gylfi Pálmason,

## Að lokum.

Eins og komið var inn á í síðasta Pésa, hafa nokkrar valinkunnar félagskonur verið kallaðar til, til að ræða málefni sem brennur á kvenfélagskonum um allt land en það er framtíð og tilurð félags-skapar eins og kvenfélaga og annarra félagasamtaka sem byggja á sjálfbodavinnu.

Við erum að ræða saman um þessar mundir og ætlum okkur að koma með ákveðnar hugmyndir um það hvernig við viljum sjá Kvenfélag Hrunamannahrepps í nútímasamfélaginu. Í kjölfarið er stefnt að því að halda einhvers konar málfund eða málþing en til þess að svo geti orðið, þurfum við að vinna ákveðna hugmyndavinnu og eru þessar konur kallaðar til þeirrar undirbúningsvinnu.

Að þessum skrifuðum orðum, sendum við ykkur góðar óskir út í sumarið og biðjum ykkur vel að lifa.

Stjórnin

## Ágætu sveitungar

Gæti það verið að einhver hafi fengið mynd eða myndir að láni úr leikmyndasafni U.M.F.H og hafi þær nú undir höndum. Myndamöppurnar eru geymdar í skjalaskápnunum í Félagsheimilinu. Ef svo er? þá vinsamlegast skilið þeim til húsvardarins eða Guðrúnar á Varmalæk.

Með von um árangur Guðrún Sveinsdóttir.

Ágætu sveitungar:

Kúabændur, Sauðfjábændur, Hrossabændur, Garðyrkjubændur, iðnaðarmenn, verktakar, og félagasamtök. Nú á þessu ári verður Golfklúbburinn Flúðir 20 ára. Ætlunin er að halda upp á afmælið á veglegan hátt, meðal annars með útgáfu blaðs um sögu klúbbsins. Allt kostar þetta peninga sem lítið er til af í fjárhirslum klúbbsins. Nú heiti ég á alla velunnara klúbbsins sem vilja styrkja hann til góðra verka að kaupa styrktarlínu í blaðinu, styrktarlínan kostar 5.000 krónur. Einnig er hægt að fá auglýsingar birtar í blaðinu. Vinsamlegast hafið samband við undirritaðan eða sendið á netfang [olib@mbl.is](mailto:olib@mbl.is)

Fyrir hönd Golfklúbbsins Flúðir. Karl Gunnlaugsson formaður.

## Sumarkveðja frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps.

### Af vorfundi 10. maí

Haldinn var vorfundur síðastliðið mánudagskvöld á Hótel Flúðum. Góður hópur kvenna naut kvöldsins við gleði og gaman. Eftir léttan málsverð og stuttan fund var slegið á léttu strengi og konur, undir stjórn Árna Þórs Hilmarssonar frá Syðra-Langholti, fóru í leiki og þrautir þar sem reyndi á að leyfa barninu í sjálfri sér að taka völdin. Hlátrasköllin glumdu og rúður hótelsins voru í stórhættu af ýmsum ástæðum.

Þökkum Árna fyrir frábæra stund!

### Samvinnuverkefni UNICEF

#### Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna og Kvenfélagasambands

#### Íslands

#### UNICEF – dúkkan.

Mörgum er væntanlega kunnugt um samvinnuverkefni Kvenfélagasambands Íslands og UNICEF Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Verkefnið hefur fengið yfirskriftina “Ef þú menntar stúlkur, menntar þú heilt samfélag”. Um er að ræða að safna fé til að kosta menntun ungra stúlkna í ríkinu Ginea-Bissá í Vestur – Afríku.

KÍ hefur beðið öll kvenfélög innan sambandsins að biðja félagskonur í kvenfélögunum að búa til brúður sem kvenfélögin gefa síðan til Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, sem markaðssetur þær og selur til ágóða fyrir verkefnið. Dúkkurnar verða merktar því kvenfélagi sem býr þær til, settar í flotta kassa og seldar í helstu stórverslunum landsins.

Kvenfélag Hrunamannahrepps ætlar að taka þátt í þessu verkefni og eru fyrirbyggjandi snið að þessum dúkkum hjá formanni, og geta allar félagskonur nálgast þau. Einnig er stefnt að því að hafa vinnustund í byrjun september þar sem komið verður saman og dúkkur framleiddar um leið og við ætlum að eiga góða stund saman. Ýmsar hugmyndir voru á lofti á vorfundinum um þessa vinnustund og verður unnið út frá þeim.

Ástæða þótti til að koma þessu hér á framfæri svo félagskonur sem vilja og hafa tækifæri til að vinna þessar brúður á næstunni, geti nálgast sniðin sem fyrst.

## Fréttir úr Hrunamannahreppi

### Glæsilegir tónleikar!

Vörðukórinn hélt skemmtilega tónleika með frönsku ívafi í Félagsheimili Hrunamanna á dögnum. Kórinn söng frönsk lög og allt var gert til þess að ná fram frönskum áhrifum. Karlarnir voru óvenjulega hupplegir að hætti frakka opnuðu hurðir fyrir konum, drógu fram stóla og var greinilegt að þeir vönduðu sig í allri hegðan og framkomu. Nú velta konurnar fyrir sér hvort þessi hupplegheit vari lengur. Sigríður Snævarr, sendiherra flutti stutta tölu og sagði frá Frakklandi og franskri menningu. Gott framtak hjá Vörðukórnum.

### Karлакór Hreppamanna söng með Selfyssingunum

Karлакór Hreppamanna var gestakór á afmælistónleikum Karлакórs Selfoss hér í lok apríl. Tónleikarnir þóttu takast vel og var það mál manna að varla mætti á milli sjá hvorir væru betri. Í framhaldi af tónleikunum var efnt til dansleiks og milli þess sem menn dönsuðu ræl og skottis mátti enn heyra fallegar tenórraddir og djúpar og seiðandi bassaraddir – því eins og gerist á góðum samkomum hætta menn ekki að syngja þó tónleikum sé lokið.

### Barnakór Flúðaskóla í “siglingu” til Svíþjóðar.

Barnakór Flúðaskóla er nýkominn úr tónleikaferð til Svíþjóðar. Farið var til Vestás, sem er vestur frá Stokkhólmi. Alls fóru 25 börn ásamt 10 foreldrum og kórstjóranum Edit Molnar. 800 börn tóku þátt í kóramótinu. Skipt var upp í sérstaka vinnuhópa og síðan voru lokatónleikar sl. laugardag, þar sem allir komu fram með sínum hópum. Börnin stóðu sig í alla staði vel og voru landi og þjóð til sóma “jette bra” eins og segir á máli innfæddra!

### Kvenfélagið

Þær eru virkar og velhugsandi kvenfélagskonurnar í Hrunamannahreppi. Þau eru ófá velgjörðarverkin sem þær vinna fyrir samfélagið. Á föstudaginn kemur kl 13:00 ætla þær að færa heimilisfólkinu á Heimalandi garðhúsgögn. Kvenfélagi Hrunamannahrepps eru færðar bestu þakkir fyrir. Nýkjörinn formaður kvenfélagsins er Anna Ásmundsdóttir.

## Félagsheimilið

Að undanförunu hefur verið unnið að ýmiskonar endurbótum á Félagsheimili Hrunamanna öll umgengni í húsinu er til mikillar fyrirmyndar. Nú síðast var verið að taka kjallarann í gegn með tiltekt og uppröðun. Þá var verið að laga vegg og skilrúm við Stjórnusalinn. Einnig höfum við fest kaup á nýjum borðum sem eru á allan hátt meðfærilegri og fer minna fyrir en þeim, sem fyrir voru. Veg og vanda af þessari vinnu eiga þeir Helgi Guðmundsson og húsvörðurinn Guðmundur Guðfinnsson en hann hugsar um húsið eins og um skip væri að ræða enda gamall skipstjóri og vélstjóri. Enn eigum við þó langt í land til þess að ná utan um viðhald á húsinu og það á reyndar við um margar fleiri eignir hreppsins.

## Rusladagur – ruslahátíð

Ruslamálaráðherrann okkar, Ragnheiður Karlsdóttir, hefur þegar blásið í lúðrana. Nú hefur verið ákveðið að rusladagurinn verði 20. maí n.k. kl. 16.00 mæting er við Félagsheimilið. Þar verða afhentir pokar og starfið skipulagt. Mikil áhersla er lögð á góða þátttöku allra aldursflokka en á síðustu árum hefur vantað fleiri fullorðna í hópinn. Best væri að fá einn fullorðinn frá hverju heimili. Börnin hafa sýnt það og sannað hvers þau eru megnug í hreinsunarstarfinu. Á aðalfundi Búnaðarfélagins var einmitt rætt um hreinsunarstarfið og afar brýnt að sem flestir taki til hendinni. Umgengnin er mjög mismunandi hér í sveit allt frá því að vera til algerrar fyrirmyndar en hin hliðin er okkur ekki til sóma. Fyrirtækjaeigendur, félagasamtök og einstaklingar eru hvattir til þess að vera búin að taka til á sínu yferráðasvæði. Gerum fallett sveitarfélag enn fallegra með því að taka til hendinni því víða er hér allskonar drasl sem má missa sig. Kveikt verður í brennu um kl 19.00 á rusladaginn.

## Ingibjörg í landsliðið

Ingibjörg Skúladóttir, frá Birtingaholti hefur enn einu sinni verið valin í unglíngalandsliðið í körfuknattleik. Hún tók m.a. þátt í Norðurlandameistaramóti fyrir skemmstu sem haldið var í Lettlandi. Við erum stolt af því að eiga ungt og efnilegt fólk hér í hreppnum.



# FLÚÐALEIÐ ehf.

## Vöruflutningar

### Ferðaáætlun

Alla virka daga

Frá: VM Flytjanda

**Klettagörðum 15, kl: 12:00. Frá Selfossi kl: 13:30**

**Pálmar: 892-2370, Stefan: 892-2371, Halldór: 892-2372**

**Heimasími: 486-6685 Fax: 486-6693**

**(fludaleid@simnet.is)**

**ATHUGIÐ BREYTTA BROTTFARARTÍMA**



## Frá Æskulýðsnefnd Smára

Reiðnámskeið verður haldið á vegum Smára ef næg þátttaka fæst.

Kennt verður í Árnesi og á Flúðum.

Kennari verður Hugufrún Jóhannsdóttir frá Austurkoti.

Félagið greiðir niður gjald fyrir börn og unglínginga

sem skráð eru í Smára.

Fyrir óvana og fullorðna

30. maí—3. júní

Fyrir börn og unglínginga.

6. júní—10. júní

Hvetjum við allar þær vösku konur, sem voru á námskeiðinu síðasta haust til að mæta aftur og rifja upp snilldartakta fyrir sumarið.

Hægt verður að geyma hross í hreppsgirðingunni á Flúðum meðan á námskeiði stendur, ef fólk hefur áhuga á.

Skráning hjá Ásu Maríu í síma 486-6531 eða 863-6156 og Láru Jónsdóttur í síma 486-5514 eða 847-5353.

## Fréttir frá áhugafélagi um verndun sæluhúsa á afrétti Hrunamanna('ASÆL.)

Aðalfundur og árshátíð félagsins var haldinn 15 feb.síðastliðinn í Kaffiseli.

Um 70 manns mættu á fundinn en að loknum aðalfundi var samkomunni breytt í árshátíð.

'Akveðið var að endurbyggja torfkofann í Svínárnesi í sumar.Það er heilmikið verkefni sem mun kosta mikla vinnu og peninga.Sótt hefur verið um styrki í þá sjóði sem helst komu til greina en ekki hefur heyrst frá þeim enn.

Félagið á um 200 þúsund kr.sem er styrkur frá sveitarfélaginu til ráðstöfunar á þessu ári en meira þarf til.Fyrir aðalfundinum lá tillaga frá stjórn að hafa ekkert árgjald.Þess í stað að óska eftir frjálsum framlögum frá félagsmönnum,það er mun einfaldara að leggja smá upphæð inn á reikning en að halda úti innheimtu á árgjaldi.Að sjálfsögðu eru öll framlög til þessa verkefnis vel þegin.Reikn. númer félagsins er 403 bókalaus reikn. í KB.banka kt.180455-4779.

Nokkrir félagar í ASÆL hafa tekið að sér að slá kirkjugarðana í Hruna og Tungufelli í sumar allur ágóði rennur til félagsins okkur vantar **fleiri** í þennan hóp.Fyrsti sláttur þarf að vera fyrir 17 júní áætlað er að slá 4 sinnum í sumar.Þeir sem eru tilbúnir að slást í hóp með okkur láti mig vita í síma 894-3333 Unnsteinn.

Þeir aðilar sem vilja koma að hönnun, efnisvali og skipulagi framkvæmda á Svínárneskofanum hafi samband sem fyrst við stjórn.Unnsteinn 894-3333,Hilmar 898-5404,Jón Óli 893-6723.

**Góðir félagar munið að þetta er áhugafélag.Góður árangur byggist á þátttöku félagsmanna.**

Sumarkveðja Unnsteinn Hermannsson Formaður ASÆLS

**4 kettlingar fast gefins**

**Upplýsingar í síma 486-6539**

**Adda Sigga**

## Sorphreinsun

Okkar lávarður í ruslamálum, Tómas Þórir Jónsson vill benda fólki á að nota áburðarsekki undir heyplast en sekkirnir eru upplagðir undir plastið. Einnig biður hann um að tré séu klippt þannig að hann komist vel að þeim stöðum þar sem sorpi er safnað saman. Þetta er auðvitað mjög mikilvægt og einnig vegna ýmissra annarra flutninga sem eiga sér stað. Einnig hvetur Tómas Þórir til þess að passað sé uppá að þegar rusl er sett í opna gáma að gætt sé að því að ruslið fjúki ekki uppúr gámunum. Til marks um það hve virtur Tómas Þórir er í ruslamálum hefur hann verið kallaður á fund hjá Úrvinnslusjóði og Umhverfisráðuneytinu þar sem hann miðlar af þekkingu sinni í þessum efnun. Sá fundur verður einmitt á rusladaginn 20. maí n.k.

## Sundlaugin

Okkur vantar sárlega góða konu til starfa í sundlauginni okkar í sumar en Anna María ætlar að taka sér frí allavega í sumar. Við auglýsum eftir konu þar sem við höfum þegar ráðið karla til starfa en nauðsynlegt er að bæði karlar og konur vinni í lauginni. Sumaropnun verður frá 15. júní, opið verður 12-22 virka daga og 10-18 laugardaga og sunnudaga.

## Sóknarhugur í hótelhöldurum!

Það er sóknarhugur í hótelhöldurum okkar þeim Margréti Runólfsdóttur og Guðmundi Sigurhanssyni. Sumarið lítur vel út hvað bókanir og staðfestingar varðar og hefur umtalsverð aukning orðið á gistingu frá í fyrra. Stefnt er að því að taka nýja salinn sem er í byggingu í notkun í byrjun júní. Spennandi dagar framundan á hótelinu.

## Enn borar Hannibal!

Tilraunaborholur eftir köldu vatni í landi Hruna mistókust í fyrra eins og flestir hafa líkast til fylgst með. Af þessum ástæðum hafa Jarðboranir gert hreppnum mjög gott tilboð um nýja tilraunaborun sem ákveðið hefur verið að taka. Nú er bara að vona að betur takist til en síðast. Hannibal og Kristján Sæmundsson, jarðfræðingur hafa skannað svæðið af einstakri nákvæmni. Við biðum í mikilli eftirvæntingu eftir því hvernig tekst til að þessu sinni og vonum að sjálfsögðu hið besta.

## Nýr skólastjóri.

Á síðasta hreppsnefndarfundum staðfesti hreppsnefnd tillögu fræðslunefndar Hrunamannahrepps um ráðningu Guðrúnar Pétursdóttur sem skólastjóra Flúðaskóla. Alls bárust níu umsóknir, átta af þeim voru gildar en ein þeirra barst of seint. Guðrún hefur verið aðstoðarskólastjóri í Vík í Mýrdal um nokkra ára skeið en hún hefur einnig leyst af sem skólastjóri í eitt ár. Eins og fram kom í síðasta Pésa hætti Jóhanna Vilbergsdóttir við að koma aftur til starfa sem skólastjóri, en Guðjón Árnason hefur leyst hana af síðustu tvö árin. Guðjóni eru þökkúð góð störf á umbrota- og óvissutímum í skólanum og honum og konu hans Guðbjörgu Gunnlaugsdóttur sem einnig hefur starfað við skólann er óskað velfarnaðar. Nýi skólastjórinn á ákveðnar rætur í hreppinn for-eldrar hennar eru þau Pétur Hjálmsón og Ólöf Sjöfn Gísladóttir í Borgarási og tengdforeldrar hennar eru Gunnar Hallgrímsson og Guðný Sigurðardóttir. Guðrún er boðin velkomin til starfa.

## Sameining sveitarfélaga

Á síðasta fundi hreppsnefndar Hrunamannahrepps var m.a. fjallað um sameiningartillögu sem kosið verður um 8. október n.k. Fram kom að allir sveitarstjórnarmenn eru jákvæðir hvað sameiningu hreppanna í uppsveitum Arnessýslu þ.e. Bláskógarbyggð, Grafnings- og Grímsnes-hrepps, Hrunamannahrepp og Skeiða og Gnúpverjahrepps varðar. Fulltrúar Hrunamannahrepps í sérstakri nefnd um sameininguna voru valdir Sigurður Ingi Jóhannsson, oddviti og Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri. Þeir kumpánar eru tilbúnir að hlusta á öll rök með og á móti sameiningu og taka á móti ráðum og ábendingum.

## Vorhugur í bændum

Oft hefur verið talað um Hrunamannahrepp sem matvælakistu á Íslandi. Það eru orð að sönnu og fjölbreytnin og gæði framleiðslunnar eru ótrúlega mikil. Ný fjós hafa verið tekin í notkun í Birtingaholti, eitt er nær tilbúið í Bryðjuholti, annað í burðarliðnum í Hrepphólum og líklegt er talið að jafnvel verði byrjað á þremur nýjum fjósum í hreppnum á þessu ári. Það er svo sannarlega vorhugur í bændum í þess orðsins fyllstu merkingu.

Combi camp family tjaldvagn til sölu.  
Upplýsingar gefur Hilmar í síma 898-5404

## Atvinna

Okkur vantar konur og karla til starfa við almenn verksmiðjustörf, bæði í Límtrés og Yleiningarverksmiðjunni í sumar. Áhugasamir hafi samband við Reyni Guðmundsson starfsmannastjóra í síma 480-4003 eða 893-1426

## Starf í Kerlingarfjöllum

Erum að leita að starfskrafti til vinnu í Kerlingarfjöllum í sumar, tímabilin frá 1. júní til 25 Júní og frá 1. ágúst og fram í september til að sinna almennum húsvörslustörfum, aðstoð við viðhald og fl.

Í Ásgarði í Kerlingarfjöllum er rekin almenn ferðapjónusta. Nánari upplýsingar gefur Páll í síma 664 7000.

VIOLA snyrtistofa á Flúðum  
Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

*Andlitsbað*

*Húðhreinsun*

*Litun og plokkun*

*Handsnyrting*

*Fótsnyrting*

*Förðun*

*Vaxmeðferðir*

*Tímabantanir í síma 566-8342*

Við göngum svo léttar í lundu.

Síðan um páska höfum við, nokkrar konur, komið saman á mánudagskvöldum og gengið. Nú hefur verið ákveðið að bæta við öðru kvöldi, þ.e. fimmtudagskv. Hittumst við sundlaugina á Flúðum mánudaga og fimmtudaga kl.20.00. Göngum saman og njótum útiveru í þessari dásamlegu náttúru sem við höfum allt í kringum okkur. Ekki þarf að skrá sig, bara að mæta á staðinn. Allir velkomnir.

Ef einhver óskar nánari upplýsinga er hægt að hafa samband við Öllu í síma 4866777 eða 8980677

### **Orðsending frá 17. júní nefndinni.**

Fyrirhugað er að hafa kassabílarallý sem einn af dag-skrárliðum á 17. júní og er því tilvalið að fara að huga að einhverju farartæki.

Reglur kassabílarallýsins eru svohljóðandi:

1. Aðeins má nota bíla með 4 hjól.
2. Bílar skulu knúnir með mannaflí.
3. Hámarksfjöldi keppenda með hverjum bíl eru þrír. Einn til að stýra og tveir til að ýta.
4. Keppt verður í tveimur aldursflokkum, 11 ára og yngri og 12 ára og eldri.
5. Ökumenn bílanna verða að vera með hjálm.

### **Nefndin**

### **Vor í lofti – Ferðamiðstöðin opnar.**

Árni Hjaltason er að blása rykið af innréttingum Ferðamiðstöðvarinnar og ætlar að opna með pompi og prakt um Hvítasunnuhelgina. Fyrst um sinn verður um helgaropnun að ræða fram til 1. júní.

### **Veðurguðirnir á Útlaganum og meira til!**

Á Útlaganum spila Veðurguðirnir á laugardagskvöldið 14. maí og gefa þeir vonandi tóninn um gjöfult og gott sumar. Hljómsveitin Smakk leikur síðan á laugardagskvöldinu 4. júní og hljómsveitin Sýn leikur laugardagskvöldið 25. júní. Það er því full ástæða til þess að taka fram dansskóna og skunda á Útlagan.

### **Enn eykst úrvalið af tómötum**

Stöðugt eykst úrvalið í tómataframleiðslunni á Flúðum. Á Melum eru framleiddir auk hefðbundinna tómata svokallaðir konfektótómatar. Á Brún eru framleiddir sérrýttómatar, kokteiltómatar auk hinna hefðbundnu og á Hverabakka eru framleiddir plómutómatar auk þeirra hefðbundnu.

### **Girðingar meðfram vegum!**

Vegagerð ríkisins greiðir bændum fyrir að viðhalda girðingum meðfram vegum. Bændur eru hvattir til þess að halda girðingunum vel við. Þegar það hefur verið gert gefur sveitarstjóri út vottorð sem fer til Vegagerðarinnar og í framhaldi af því greiðir hún ákveðna tíund í viðhaldskostnað

### **Lagasmiðurinn á Ljónastígnum**

Lagasmiðurinn á Ljónastígnum, Ragnar Kr. Kristjánsson átti eitt mest spilaða lagið á Rás 2 á síðasta ári. Lagið heitir Reykjavík sem Bogomil Font syngur. Hver veit nema þetta verði þjóðsöngur Reykvíkinga eins og Wonderful Wonderful Copenhagen og The tulips from Amsterdam eru vörumerki Kaupmannahafnar og Amsterdamborgar. Nú biðum við spennt eftir að vita hvað þessi mikli athafnamaður tekur sér næst fyrir hendur!

## Hrunamenn á framabraut í knattspyrnunni

Okkar menn eru að gera garðinn frægan á höfuðborgarsvæðinu og reyndar á landsvísi í knattspyrnunni. Sem dæmi má nefna að Kjartan Sigurðsson, frá Birtingaholti, hefur verið valinn í svokallaðan U 15 landsliðshóp unglinga sem og Jón Þorgeir Aðalsteinsson, frá Hrafnkelsstöðum.. Þetta er að sjálfsögðu glæsilegur árangur. Knattspyrnufélagið Fram hefur verið að sækjast eftir að fá þessa dregni í sínar raðir. Þá leikur Snorri Helgason frá Garði með 2 flk. í Aftureldingu í Mosfellsbæ og fer gott orð af sparkleikni hans. Sigfús Heimisson sem þjálfað hefur 5. til 7. flokk drengja hér um slóðir er nú þjálfari í Reykjavík og er honum þokkuð góð störf.

## Límtré – sparkvöllur

Eins og áður hefur komið fram er einstaklega góð nýting á nýja sparkvöllinum okkar. Um páskahelgina mátti sjá margan knáan knattspyrnumanninn spreyta sig á vellinum. Upplagt er að halda hér knattspyrnumót og jafnvel körfuboltamót “street ball” á körfuboltavellinum þetta gæti t.d. verið tengt Iðandi dögum á Flúðum. Ekki hefur völlurinn verið vígður enn – einhverjir tala um að hreppsnefndarmenn og starfsmenn hreppsins séu að reyna að koma sér í form áður en til vígslu kemur, einn og einn þeirra hefur dregið úr neftóbaksneyslu.



### Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna  
föstudagana 13. maí, 27. maí  
og 10. júní  
Pantið tímanlega.

Tímamantanir í síma:  
486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.  
Einnig á hársnyrtidegi **893-6084** og **899-9665**.  
Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á  
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084

## Hrunaspjall

Fregnir, fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli.

Á heldur köldu vori sendi ég kveðju mína með þökkum fyrir vetrarstarfið. Mér varð hugsað til þess nú þegar aðalsafnaðarfundir sóknanna beggja eru nýaftstaðnir. Að þótt margir vildu gjarnan sjá meiri þátttöku í því starfi sem kirkjan stendur fyrir þá er það býsna hátt hlutfall íbúanna hér um slóðir sem með einhverjum hætti koma að kirkjulegu starfi. Það er líka gaman að geta sagt frá því að bæði Hruna og Hrepphólasókn standa vel fjárhagslega þrátt fyrir margháttuð umsvif og metnaðarfulla umönnun kirknanna.

### Úr kirkjubókinni:

Skírnir:

Þann 21. apríl, Sumardaginn fyrsta, kl. 11 var **Gísli Gunnar** skírður í Hrunakirkju.

Hann er fæddur 16. apríl 2005. Foreldrar: Halldóra Halldórsdóttir og Unnsteinn Logi Eggertsson Efra- Seli.

Þann 21. apríl. Sumardaginn fyrsta, kl. 14 var **Sigríður María** skírð í Hrepphólakirkju.

Hún er fædd 23. febrúar 2005. Foreldrar: Emma Vilhjálmsdóttir og Sigurður Helgi Magnússon ( frá Birtingaholti) Stífluseli 4 Reykjavík.

### Helgihaldið framundan:

14. maí kl. 13 í Hrepphólum, fermingarmessa

Fermd verða:

Auður Grétarsdóttir Miðfelli 4

Guðmundur Karl Eiríksson Silfurtúni

Hjalti Freyr Ragnarsson Birtingaholti 1

**Hvítasunnudag 15. maí kl. 13 í Hruna**

Fermdir verða:

Alexander Harrason Suðurbrún 8

Baldur Örn Samúelsson Bryðjuholti

Bragi Viðar Gunnarsson Túnsbergi

Daði Leó Gíslason Laugum

Guðlaugur Garðar Lárusson Reykjaflöt

Jörundur Agnarsson Högnastíg 17a

Sveinn Dagur Rafnsson Laugarlandi.

Með ósk um Guðs blessun

Eiríkur Jóhannsson.



## S.S. fréttir

Þann 8. apríl sl. var aðalfundur Sláturfélags Suðurlands, haldinn í Þingborg.

Skömmu áður kom forstjóri félagsins á deildarfund og kynnti rekstur liðsins árs, þar sem einnig fór fram kjör aðalfundarfulltrúa. Hrunadeild er með flesta félagsmenn innan deilda S.S á Suðurlandi, og sendum við 5 fulltrúa á aðalfund. Þau sem fóru nú voru: Eiríkur Grafarbakka, Ester Sólheimum, Bjarni Valur Skippholti, Ólafur Hrepphólum og undirrituð, en deildarstjóri er sjálfkjörinn. Hagnaður varð af rekstri félagsins 2004 á móti tapi árið áður. En betur má ef duga skal, og öll áhersla lögð á hagræðingu í rekstri. Þess má geta, að fyrir um 20 árum slátraði S.S sauðfé í 7 sláturhúsum og stórgripum í 3. Í dag fer öll þessi slátrun fram í einni stöð á Selfossi.

Margar erfiðar ákvarðanir hefur þurft að taka, til að þessi hagræðing næði fram að ganga. En eins og Steinþór Skúlason forstjóri S.S. segir í ársskýrslu 2004

„Nú er kominn réttur tímapunktur fyrir Sláturfélagið, til að skipta úr vörn í sókn, og nýta einingar félagsins og stöðvar þess, til að sækja fram á markaðinn“

Á næstunni mun fréttabréf S.S væntanlega berast okkur, og þá kemur í ljós hvað í boði er og verður fyrir innleggjendur félagsins.

Deildarstjóraskipti urðu hér í sveit í vor, og er fráfarandi deildarstjóra Steinari í Auðsholti færðar þakkir félagsins, fyrir vel unnin störf. Um leið vonast undirrituð, eftir góðu samstarfi við félagsmenn, og hvetur til áhuga á málefnum félagsins. Deildarstjóri er fulltrúi innleggjenda við félagið, og á að veita upplýsingar og greiða fyrir málum, eins og kostur er .

Bestu kveðjur og von um gott samstarf  
Jóhanna Hrafnkelsstöðum

### **VÖNDULL ehf.- FLUTNINGAÞJÓNUSTA**

Daglegar ferðir FLÚÐIR- REYKJAVÍK – FLÚÐIR og nágr.

**Vöruafgreiðsla í Rvk.**

**AÐALFLUTNINGAR ehf.**

**Vatnagarðar 6, sími: 581-3030.**

**Brottför frá Reykjavík: alla virka daga kl. 13:00**

**Á Selfossi hjá HÚSASM. og BYKO kl 14:00**

**Nánari upplýsingar: Jóh. Unnar Guðmundsson**

**Sími: 898-3741 Högnastíg 1 Flúðum**

## Fimleikaveturinn. 2004-2005

Nú er fjórða æfingarvetri fimleikadeildarinnar lokið og er hér smá samantekt eftir veturinn.

Æfingar byrjuðu um miðjan september og byrjuðu um 65 iðkendur æfingar á aldrinum

5 ára til 14 ára.

Þjálfarar hjá okkur voru þær Bente Hansen og Sigríður Bogadóttir.

Í byrjun október komu hingað danskir fimleikaþjálfarar og voru með námskeið fyrir okkur í hóp fimleikum. Fengum við margar nýjar hugmyndir sem nýttust vel við þær.

Bente fór einnig á námskeið sem haldið var í Noregi en það var um æfingar á loftdýnu.

Í haust fengum við gefið trampólín frá hjónunum í Jörfa og kom það sér mjög vel.

Farið var á nokkur mót í vetur og stóðu iðkendur sig mjög vel.

Föstudaginn 29. apríl var svo loka hnykkurinn á vetrinum en þá var haldin hin árlega fimleikasýning. Mættu yfir 100 manns að horfa á.

Að sjálfsögðu stóðu fimleikakrakkarnir sig frábærlega vel og gaman er að sjá hvað þau verða alltaf betri og betri með hverju árinu.

Viljum við þakka öllum iðkendum kærlega fyrir veturinn og að sjálfsögðu þökkum við öllum foreldrum sem hafa aðstoðað okkur í vetur við akstur, hárgreiðslu og annað.

Sjáumst hress næsta haust .

Fyrir hönd fimleikadeildarinnar  
Halldóra Fossi

Frá Félagi eldri Hrunamanna.

Eins og við sögðum frá í síðasta Pésa um sumarferðina okkar, er ákveðið að leggja af stað 13.júní. Fyrsta gistinóttin verður á Laugum í Sælingsdal, önnur á Ísafirði og sú þriðja aftur á Laugum. Þetta eru allt Eddu hótél, sem hafa gert okkur góð tilboð. Gisting í tveggja manna herbergi með handlaug, ásamt tveggja rétta kvöldverði og morgunverði kostar kr. 5550,- á mann. Við höfum pantað bíl hjá Guðm. Tyrfings. og álitum það mjög gott tilboð. 30. manna bíll kostar kr.220.000,- en 40 manna 240.000,-. Svo fer það eftir því hvað margir eru í bílnum, hvernig það deilist. Lagt verður af stað frá Flúðum kl.10 mánudaginn 13.júní. Hótél Edda þarf að fá nafnalista gesta 4 vikum fyrir komu, þess vegna þarf að panta í síðasta lagi 16.maí. Gott væri að vita hverjir verða saman í herbergi.

Arndís S. 486-6654  
Loftur S. 486-6715  
Anna S. 486-6614

#### Frá Bókasafni Hrunamanna.

Opnunartími bókasafnsins til 31. maí:

<b>Mánudagar</b>	<b>Kl. 20-21</b>
<b>Þriðjudagar</b>	<b>Kl. 16-18</b>
<b>Miðvikudagar</b>	<b>Kl. 16-18</b>
<b>Fimmtudagar</b>	<b>Kl. 16-18</b>

Sumaropnun frá og með 1. júní – 31. ágúst:

<b>Mánudagar</b>	<b>Kl. 20-21</b>
<b>Þriðjudagar</b>	<b>Kl. 16-18</b>
<b>Miðvikudagar</b>	<b>Kl. 16-18</b>

Alltaf nýtt efni í hverri viku.

**Athugið: Lokað verður 18. og 19. maí.**

Barnapössun!  
Okkur vantar spræka og sprettharða stúlku til að passa Elísu 2 1/2 árs og Ísold Heklu 4. ára,  
í sumar.  
Aðallega þegar leikskólinn er í sumarfrí.  
Gæti komið til greina smá pössun og garðyrkjuvinna í maí og júní.  
Allar nánari upplýsingar í síma 663-0888  
Gunn og Daníel  
Efra - Seli

Atvinna.  
Starfsmann vantar við sundlaugina á Flúðum.  
Um er að ræða ca 50% starf umsjónarmanns.  
Upplýsingar gefur sveitarstjóri á skrifstofunni  
eða í síma 480-6600, eða  
Anna María í síma 847-0678

#### Óska eftir íbúð til leigu.

Íbúð óskast sem fyrst á Flúðum eða í næsta nágrenni.  
Allt kemur til greina.  
Upplýsingar í síma 8633593 Halldóra.

Reiðhjól til sölu.  
Fyrir 6-8 ára.  
Upplýsingar í síma 486-6611

Vantar notaðan traktor, t.d. Zetor  
Verð á bilinu—vöruskipti til 150.000  
Upplýsingar í síma 894-0448.